

**Reglugerð Fimleikasambands Íslands**  
**um málsmeðferð við beitingu viðurlaga skv. lögum sambandsins**

**1. gr. Gildissvið**

- 1.1. Reglugerð þessi gildir þegar stjórn FSÍ tekur ákvarðanir um beitingu viðurlaga vegna brota gegn lögum eða reglum FSÍ.

**2. gr. Sérstakt hæfi**

- 2.1. Stjórnarmaður er vanhæfur til meðferðar máls sem varðar beitingu viðurlaga:
- a. Ef hann er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila.
  - b. Ef hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.
  - c. Ef hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.
  - d. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
  - e. Ef hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni, umboðsmanni eða málflytjanda aðila með þeim hætti sem segir í d-lið.
  - f. Ef hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í lið-d.
  - g. Ef að öðru leyti er fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.
- 2.2. Stjórnarmaður er þó ekki vanhæfur ef hagsmunir þeir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur stjórnarmanns við meðferð málsins er það lítilfjórlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.
- 2.3. Stjórnarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.
- 2.4. Stjórnarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnar á þeim.
- 2.5. Stjórn ákveður hvort stjórnarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Þeir stjórnarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnin verður ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir stjórnarmenn taka ákvörðun um hæfi nefndarmanna.

**6. gr. Kvörtun til stjórnar FSÍ**

- 6.1. Einstaklingur eða aðildarfélag FSÍ, sem misgert er við á vettvangi FSÍ og hefur hagsmuni af meintu broti gegn lögum eða reglum sambandsins hefur rétt til að kvarta til stjórnar FSÍ.
- 6.2. Kvörtun skal vera skrifleg. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í kvörtun:
- a. Nafn, kennitala og heimilisfang kvartanda og fyrirsvarsmanns, ef við á.

- b. Nafn þess einstaklings eða aðildarfélags sem kvörtun beinist að, kennitala og heimilisfang og sömu upplýsingar um fyrirsvarsmann, ef við á.
  - c. Greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu.
  - d. Lýsing helstu málavaxta.
  - e. Tilvísun til ákvæða í lögum eða reglum FSÍ sem eiga við.
  - f. Helstu röksemdir og sjónarmið fyrir kvörtun.
  - g. Upptalning á vitnum sem kvartandi telur að geti varpað ljósi á málið.
  - h. Öll tiltæk sönnunargögn um málsatvik.
- 6.3. Stjórn skal veita kvartanda skriflega staðfestingu um að kvörtun hafi borist. Stjórn er heimilt að senda slíka tilkynningu með tölvupósti til kvartanda.
- 6.4. Frestur til að kvarta til stjórnar FSÍ vegna meintra brota á lögum eða reglum sambandsins er sjö virkir dagar og skal talið frá og með deginum eftir að atvik það, sem kvörtun lýtur að bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrott er að ræða. Berist kvörtun eftir að frestur er liðin skal stjórn vísa málinu frá.
- 6.5. Þrátt fyrir gr. 6.4. getur stjórn FSÍ ákveðið að taka mál til meðferðar þótt kvörtun berist eftir að frestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
- 6.6. Ef kvörtunarefni er þess eðlis að það kann að varða brott gegn landslögum skal stjórn FSÍ leitast við að leiðbeina kvartanda hvert rétt sé að leita eftir viðeigandi úrlausn, s.s. til lögreglu, barnaverndaryfirvalda eða eftir atvikum annarra stjórnvalda. Ef kvörtunarefni varðar meint brott gegn barni eða hagsmunum þess er stjórn skylt að gera barnaverndarþjónustu viðvart um málið með vísan til 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### **7. gr. Frumkvæðismál.**

- 7.1. Stjórn FSÍ getur að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar vegna meintra brota á lögum eða reglum sambandsins. Stjórn getur jafnframt tekið viðbrögð og málsmeðferð aðildarfélaganna vegna atvika sem varða við lög eða reglur FSÍ til almennrar athugunar.
- 7.2. Ákvæði 6. gr. gilda einnig um frumkvæðismál stjórnar, eftir því sem við á.

### **8. gr. Málsmeðferð.**

- 8.1. Kvörtun skal tekin fyrir á næsta stjórnarfundum eftir að hún berst. Áður en kvörtun er tekin til efnislegrar umfjöllunar skal stjórn gæta að því hvort formgallar eða skortur á aðild eða aðildarhæfi geri það að verkum að kvörtun telst ekki tæk til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal stjórn vísa máli frá og tilkynna kvartanda þá niðurstöðu án tafar.
- 8.2. Telji stjórn að kvörtun sé tæk til umfjöllunar skal hún senda þeim sem kvörtun beinist að (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kvörtun og fylgigögn ásamt áskorun um að skila andsvörum í málinu. Varnaraðila skal gefinn allt að sjö daga frestur til að skila inn skriflegum andsvörum (greinargerð) sem skulu fullnægja sömu kröfum og fram koma í grein 6.2., eftir því sem við getur átt. Varnaraðili getur óskað eftir lengri tíma til að kynna sér gögn og gera grein fyrir afstöðu sinni. Stjórn tekur afstöðu til beiðni um lengri frest að teknu tilliti til umfangs og eðlis máls.

- 8.3. Aðildarfélagi FSÍ eða einstaklingi sem hefur hagsmuni af niðurstöðu máls skal einnig send afrit kæru og greinargerð varnaraðila ásamt gögnum og honum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í málinu innan hæfilegs frests sem stjórn ákveður.
- 8.4. Þegar öll gögn málsins hafa borist stjórn skal hún taka ákvörðun um hvort boða skuli aðila eða vitni til munnlegrar skýrslugjafar eða afla frekari gagna.
- 8.5. Komi engin andsvör fram eða þau bersýnilega tilgangslaus er stjórn heimilt að taka ákvörðun í máli án tafar.

## 9. Sættir.

- 9.1. Stjórn getur freistað þess að leita sátta í máli ef nema talið sé víst að sáttatilraun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.

## 10. Viðurlög

- 10.1. Stjórn FSÍ getur í ákvörðunarorðum auk efnisniðurstöðu kveðið á um eftirfarandi viðurlög gagnvart aðildarfélögum samkvæmt heimild í 26. gr. laga FSÍ:
- Áminning.
  - Bann við þátttöku á FSÍ mót.
  - Bann við að halda FSÍ mót.
  - Brottvísun úr FSÍ mót.
  - Fésekt, sem getur numið allt að 50.000 kr. á dag.
- 10.2. Stjórn FSÍ getur í ákvörðunarorðum auk efnisniðurstöðu kveðið á um eftirfarandi viðurlög gagnvart einstaklingum samkvæmt heimild í 26. gr. laga FSÍ:
- Áminning.
  - Brottvísun úr FSÍ mót/viðburði.
  - Keppnisbann á FSÍ mót.
  - Bann frá búningasklefum, keppnisvæði og/eða keppnisstað FSÍ viðburða.
  - Bann frá allri þátttöku í fimleikum.
- 10.3. Viðurlögum skal því aðeins beitt ef sýnt þykir að því markmiði sem að er stefnt verði ekki náð með öðru og vægara mót. Gæta skal meðalhófs við beitingu viðurlaga og því skal stjórn ekki fara strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

## 11. gr. Ákvarðanir og gildistaka

- 11.1. Ákvörðun stjórnar FSÍ um beitingu viðurlaga skal liggja fyrir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið. Leitast skal við að taka ákvörðun innan tveggja vikna frá því að gagnaöflun lýkur.
- 11.2. Ákvarðanir stjórnar um beitingu viðurlaga taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í ákvörðunarorðum hverju sinni.

- 11.3. Ákvarðanir stjórnar um beitingu viðurlaga skulu vera skriflegar og rökstuddar og skal eftirfarandi koma fram, eftir því sem við á:
- Hverjir séu aðilar máls.
  - Kröfugerð og málavaxtalýsing.
  - Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
  - Rökstuðningur og niðurstaða stjórnar um beitingu viðurlaga.
  - Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.
  - Greina skal frá heimild aðila til kæra ákvörðun, sbr. 13. gr.
- 11.4. Ákvarðanir skulu undirritaðir af þeim stjórnarmönnum, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls sem sama hætti gildir um aðrar ákvarðanir stjórnar samkvæmt lögum FSÍ. Ef stjórn er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega.
- 11.5. Stjórn sendir málsaðilum staðfest endurrit af ákvörðun jafnskjótt og þær hafa verið teknar. Heimilt er að senda ákvarðanir með tölvupósti til málsaðila.
- 11.6. Ákvörðun stjórnar um beitingu viðurlaga, ásamt rökstuðningi, skal einnig birt á vefsíðu FSÍ eftir að hún hefur verið birt aðilum. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að afmá persónurekjanlegar upplýsingar og aðrar viðkvæmar upplýsingar, eftir því sem við á hverju sinni, áður en ákvörðun er birt á vefsíðu FSÍ.
- 11.7. Stjórn FSÍ skal varðveita á tryggum stað allar ákvarðanir um beitingu viðurlaga og þau helstu gögn sem máli skipta við meðferð mála. Slík skrá getur verið á rafrænu formi.

## 12. Trúnaðarskyldur.

- 12.1. Stjórn FSÍ, starfsmönnum sambandsins, fagaðilum og öðrum þeim sem koma að málsmeðferð vegna meintra brota samkvæmt reglugerð þessari er skylt að gæta þagmælsku um þau mál sem til umfjöllunar eru hjá stjórn samkvæmt starfsreglum þessum. Trúnaður helst að loknum störfum.

## 13. Kæruheimild

- 13.1. Dómsstólar Íþrótt- og Ólympíusambands (ÍSÍ) Íslands hafa lögsögu um þau mál sem upp kunna að koma innan fimleikahreyfingarinnar samkvæmt 4. kafla laga ÍSÍ og 22. gr. laga FSÍ.
- 13.2. Heimilt er að kæra ákvörðun stjórnar FSÍ um beitingu viðurlaga til dómstóls ÍSÍ. Um kæru rétt, kærufrést og málsmeðferð fyrir dómstólnum fer að öllu leyti eftir ákvæðum um dómstóla í lögum ÍSÍ.

## 14. Lagastoð og gildistaka

- 14.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í b-lið 5. gr. og 26. gr. laga Fimleikasambands Íslands (FSÍ).
- 14.2. Reglugerðin öðlast gildi dags.